



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026
Garðyrkjuskólinn Reykjum



SKÓG2PF03 Skógarplöntuframleiðsla

Kennari: **Aldís Björk Sigurðardóttir** aldis@kvistabaer.is

Áfangi SKÓG2PF03 – Skógarplöntuframleiðsla	Einingar 3 fein	Hæfniprep 2
Lýsing Í áfanganum er farið yfir sögu skógarplöntuframleiðslu á Íslandi, fjallað um fjölgun, uppeldi og ræktunartækni og ræktunaráætlanir fyrir helstu tegundir skógarplantna. Ný tækni í skógarplöntuframleiðslu er kynnt og lífræn ræktun skógarplantna rædd. Farið er yfir helstu vandamál í ræktun skógarplantna, yfirvetrun, geymslutækni, gæðakröfur, plöntustaðla, útboðslýsingar og afhendingarskilmála. Kynntir eru útreikningar á framleiðslukostnaði skógarplantna. Skógarplöntustöðvar eru einnig heimsóttar.		
Forkröfur SKÓG1IN03 (Skógrækt - inngangur)		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Sögu skógarplöntuframleiðslu á Íslandi. • Fjölgunaraðferðum helstu tegunda skógarplantna sem eru í framleiðslu hérlandis. • Uppeldi og mismunandi áherslum í ræktunartækni í skógarplöntuframleiðslu. • Tæknimálum greinarinnar. • Leiðum til yfirvetrunar og geymslu skógarplantna fram að útplöntun. • Gæðakröfum og plöntustöðlum í skógarplöntuframleiðslu. • Útboðslýsingum og afhendingarskilmálum • Útreikningum á framleiðslukostnaði skógarplantna. • Helstu skógarplöntustöðvum landsins.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Bera saman mismunandi fjölgunar- og uppeldisaðferðir helstu tegunda skógarplantna hérlandis, sem metið er með rökstuðningi og skriflegu prófi. • Setja fram og fylgja eftir ræktunaráætlunum fyrir skógarplöntuframleiðslu með viðeigandi tækni og gæði og hagkvæmni framleiðslunnar að leiðarljósi, metið með rökstuðningi og skriflegu prófi. • Meta útlit skógarplantna út frá gæðakröfum og plöntustöðlum, sem metið er með rökstuðningi og framsetningu. • Gera sér grein fyrir samhengi milli framleiðslukostnaðar, útboðslýsinga og	

Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Lýsa aðferðum við fjölgun helstu tegunda skógarplantna í framleiðslu hérlandis. - Skoða mismunandi aðferðir við uppeldi og framhaldsræktun skógarplantna. - Leita sér upplýsinga um tæknimál í greininni og framþróun þeirra. - Greina helstu tegundir skógarplantna. - Lýsa yfirvetrun og geymslu skógarplantna fram að útplöntun. - Skoða gæðakröfur, plöntustaðla, útboðslýsingar og afhendingarskilmála. - Reikna út framleiðslukostnað skógarplantna.	afhendingarskilmála, metið með kynningu, rökstuðningi og skriflegu prófi.
Námsmat Kynning, skýrsla og skriflegt próf	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)	
Tenging við grunnþætti Læsi – nemendur læra að meta hvaða aðferðir og tækni henta best hverju sinni og verða því læsir á faglega nálgun í faginu. Sjálfbærni – nemendur læra að nota auðlindir við plöntuframleiðslu á skynsamlegan hátt og nýta allt sem til fellur. Heilbrigði og velferð – mikilvægt er að plöntuefniviður sé heilbrigður og haldist það út ræktunartímann. Jafnframt verða nemendur meðvitaðir gagnvart heilbrigðri umgengni við umhverfi sitt.	
Dags.: Höfundar: Úlfur Óskarsson	

Vika	dags.	tími	efni	kst.	kennari
1	6. jan.	9:00-12:00	Lotuvika kynning og sáning	4	ABS
2	13. jan.	9:00-12:00	Saga skógarplöntuframleiðslu hérlandis	4	ABS
3	20. jan.	9:00-12:00	Fjölgun, uppeldi og ræktunartækni	4	ABS
4	27. jan.	9:00-12:00	Fjölgun, uppeldi og ræktunartækni	4	ABS
5	3. feb.	9:00-12:00	Lotuvika verklegt/vettvangsferð	4	ABS
6	10. feb.	9:00-12:00	Fjölgun, uppeldi og ræktunartækni	4	ABS
7	17. feb.	9:00-12:00	Helstu áskorandir í ræktun	4	ABS
8	27. feb.	9:00-12:00	Ræktunaráætlanir	4	ABS
9	3. mars	9:00-12:00	Útboðslýsingar og afhendingaskilmálar	4	ABS
10	10. mars	9:00-12:00	Lotuvika verklegt/vettvangsferð	4	ABS
11	17. mars	9:00-12:00	Útreikningar á framleiðslukostnaði	4	ABS

13	24. mars	9:00-12:00	Upprifjun fyrir próf	4	ABS
samtals				48	
15	13. apríl	9:00-12:00	Próf	4	ABS/BE

Kennslubækur og ítarefni:

Glærur og efni frá kennara

The container tree nursery maual

Kaflinn: Mineral nutrients and fertilization

Sent nemendum í pdf skjali.

Námsmat:

Kynning, skýrsla sem þarf að skila inn og ástundun og smápróf gilda samtals 100% af lokaeinkunn.

Nemendur vinna verkefni á önninni, og er gefið

Lámarkseinkunn í áfanganum er 4,5. Skilaskylda er á verkefnum.

Efnistöð í tímum þurfa ekki endilega að fara saman við kennsluáætlun, og geta hnikast til eftir atvikum. Hægt er með minni fyrirvara að fara yfir efni sem kennara eða nemendum kemur til hugar að væri áhugavert að skoða.

Verkefni:

Skipulag áfanga

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verklegum æfingum og vettvangsferðum.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir. Efnistöð í tímum þurfa ekki endilega að fara saman við kennsluáætlun, og geta hnikast til eftir atvikum.

Vettvangsferðir og verklegar æfingar: Æfingar verða í lotuvikum fyrir alla nemendur námskeiðsins.

Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar og vettvangsferðir í lotuvikum.

Upptökur: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskóla FSu, Reykjum, 5. janúar 2026

Björgvin Örn Eggertsson